

Grænfánaskýrsla Skýjaborgar 2012-2014



Pórdís Þórisdóttir
Berglind Bergsdóttir

Efnisyfirlit

Umhverfisnefnd	3
Staða umhverfismála í leikskólanum	3
Umhverfisverkefni 2012-2014	3
Fræðsla.....	8
Eftirlit og endurmat.....	8
Markmið og áætlanir 2012-2014, endurmat.	9
Markmið næstu tveggja ára, 2014-2016.....	9
Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein	9
Fundargerðir umhverfisnefndar	30

Grænfánaskýrsla Skýjaborgar skólaárin 2012-2014

Hér lítur dagsins ljós þriðja skýrsla Grænfánaverkefnis leikskólans Skýjaborgar í Hvalfjarðarsveit. Leikskólinn flaggaði sínum fyrsta Grænfána sumarið 2010 eftir að hafa farið í gegnum skrefin sjö, sett sér markmið og uppfyllt þau. Þegar sótt var um Grænfánann í fyrsta sinn var ákveðið að fara í gagngera endurskoðun á skólanámskrá leikskólans og tryggja að umhverfissjónarmið væru eins og rauður þráður í gegnum allt starfið. Þannig er ekki megináhersla á að vinna afmörkuð verkefni er lúta sérstaklega að umhverfisvernd, heldur að í öllu starfi og skipulag sé hugsað um að tengja við umhverfis- og náttúrvernd og fræðslu. Við endurgerð skólanámskrár skv. nýjum menntalögum var þetta vinnulag einnig viðhaft.

Allt skipulag innanhúss miðar að því að það sé auðvelt og eðlilegt að hugsa um hvað við kaupum inn, hverju við hendum og hvernig við göngum um okkar nær umhverfi. Starfsfólk er sammála um að þessi leið sé góð og að auðvelt sé að vinna með verkefnið þegar það er unnið sem partur af öllu starfinu.

Í leikskólanum eru um 40 börn á aldrinum 1 árs – 6 ára og 11 starfsmenn.

Fyrstu tvö Grænfána árin okkar, unnum við sérstaklega með þemun rafmagn og vatn, endurbæta umhverfissáttmálann og leggja áherslu á að raddir barna fái að heyrast meira í umræðu um umhverfismál. Síðastliðin tvö ár höldum við áfram að vinna með þemað vatn, einnig unnum við með þemun úrgangur og áttthagar.

Í skýrslunni er farið yfir þau verkefni sem leikskólinn hefur unnið að á síðastliðnum tveimur árum, ásamt yfirförnum gátlista um umhverfismál í leikskólanum, fundargerðum umhverfisnefndar og markmiðum fyrir næstu tvö skólaár.

Umhverfisnefnd

Skólaárin 2012-2014 var ákveðið að halda áfram að hafa elstu nemendur í umhverfisnefnd þar sem það gafst vel. Á fundum er farið vel í hlutverk umhverfisnefndarinnar, Grænfánaverkefnið og er reynt að vekja ábyrgðarkennd barnanna fyrir nánasta umhverfi okkar s.s. skólalóðinni. Fyrir ferðir og viðburði er sérstaklega rætt um hvernig við getum hugsað um umhverfið í því sem við erum að fara að gera.



Umhverfisnefnd skólaárið 2012-2013



Umhverfisnefnd skólaárið 2013-2014

Nefndin fundaði þrettán sinnum á skólaárunum 2012-2014. Á fundum var m.a. rætt um flokkun, umgengi á útisvæði, gróðursetningu, viðburðir skipulagðir m.t.t. umhverfissjónarmiða og lausnir fundnar til að hjálpa öllum að bera virðingu fyrir umhverfinu. Fundargerðir nefndarinnar voru birtar á upplýsingatöflu í leikskólanum og eru geymdar í grænfánamöppunni. Fundargerðir eru síðan birtar á heimasíðu leikskólans á svæði þar sem umhverfismennt og útinám í leikskólanum eru kynnt.

Staða umhverfismála í leikskólanum

Á starfsdegi í febrúar 2014 var tækifærið og nýtt farið yfir umhverfisgátlista fyrir Grænfánaskóla. Allir voru sammála um að það væri mikilvægt að fara yfir gátlistann og mjög gagnlegt og nauðsynlegt að gera það allir saman og ræða um einstaka punkta. Af gátlistanum má sjá að leikskólinn stendur mjög vel að vígi hvað varðar umhverfismál.

Aftur var farið yfir gátlistann á starfsdegi í júní og farið yfir Grænfánaverkefni síðastliðinna tveggja ára og umsókn um Grænfána undirbúin. Á fundinum var unnið út frá gátlistanum og sett fram ný markmið í umhverfismálum og ákveðið hvaða þeimum skyldi unnið út frá næstu tvö árin.

Umhverfisverkefni 2012-2014

Fjölbreytt verkefni hafa verið unnin í leikskólanum sem tengjast umhverfis- og náttúrumennt. Í öllu starfi og öllum verkefnum hugum við að því að sjónarmið umhverfisverndar séu skýr. Ávallt er horft til þess hvort við séum að nota efnivið sem er umhverfisvænstur í verkefnið og hvort við getum farið aðrar leiðir sem eru umhverfisvænni.

Í vetur settum við sérstök þemu eða verkefni á dagskrá fyrir hvern mánuð sem útfærð voru á deildunum. Þannig vildum við tryggja að sýnin héldist alltaf á umhverfismálin.

Reglulega er búinn til endurunninn pappír í leikskólanum. Pappírinn var búinn til bæði úti í góðu veðri og inni. Börnunum þykir mun skemmtilegra að gera pappír úti og blanda umhverfisefnivið í pappírsgerðina. Pappírsgerðin spannar ferli allt frá leik með pappírsræmur úr pappírstætara, finna þarf síðan hentugan dagblaðapappír til að bæta í blönduna og rífa hann. Síðan tekur við pappírsgerðin sjálf og finnst börnunum mjög skemmtilegt að taka þátt í því verkefni. Síðan er pappírinn nýttur til listsköpunar.



Leikskólinn fær að setja niður kartöflur í kartöflugarða sveitarfélagsins sem er staðsettur í nágrenni við leikskólann. Næst elsti árgangurinn fær að hjálpa til við að plægja garðinn, setja niður og taka upp. Farið er nokkrum sinnum yfir sumarið í garðinn til að sjá hvernig kartöflurnar vaxa og stækka. Mjög mikill spenningur er fyrir kartöfluuppskerunni og smakkast kartöflurnar okkar mun betur en aðrar kartöflur! Haustið 2013 var kartöfluuppskeran fremur rýr t.d. vegna kalds vors og síðan höfðu grösín okkar brunnið einhvern kaldan sumarmorguninn. Vorið 2014 var reynt að

setja niður kartöflur en garðurinn var einfaldlega á floti. Gera þarf breytingar á garðinum til að hann verði nothæfur. Við höfum sett niður kryddjurtir, salat og gulrætur inni og höfum einnig gert tilraunir til að setja það út. Þær tilraunir hafa endað með því að það sem við setjum út er skemmt af manna völdum og höfum við ekki fundið lausn á því hvernig við getum komið í veg fyrir það. Í gegnum þetta læra börnin hvernig náttúruöfl, veðurfar og menn hafa áhrif á matinn sem við ræktum.

Á haustin er farið í ferðir í næsta nágrenni leikskólans og tínd ber í sultugerð. Hægt er að tína bláber og krækiber og síðan eru nokkrir runnar í garðinum þar sem vaxa sólber, þau fara reyndar flest beint upp í munn! Í ferðum okkar út í náttúruna er alltaf safnað í föndurefnivið sem við notum í leikskólanum. Efniviðurinn er t.d. notaður í jólagjafir barnanna til foreldra sinna.

Rafmagnslaus dagur var í nóvember 2013. Nemendur í umhverfisnefnd ákváðu skipulag dagsins og hverju við þyrftum að sleppa til að nota ekkert rafmagn. Engin ljós voru kveikt, við fengum skyr í matinn, svo ekki þyrfti að nota ofninn. Í þetta sinn leyfðum við uppþvottavélinni að ganga, en það var eina rafmagnstækið sem var notað. Allir voru sammála um að dagurinn hefði gengið vel, nema helst að starfsfólki vantaði kaffi.



Foreldraráð leikskólans tekur virkan þátt í umhverfisverkefni leikskólans. Á jólaföndri er t.d. lögð áhersla á að nota endurnýtanlegan efnivið í föndurgerðina sem mælist vel fyrir.

Við búum til fuglafóður sem við stráum á jarðveginn og fylgjumst með fuglunum þegar þeir koma til að fá sér að borða. Einnig erum við dugleg að gefa smáfuglunum í mesta snjónum og frostinu. Börnin hafa mjög gaman af því að fylgjast með smáfuglunum út um gluggann og minna starfsfólk á að það þurfi að fóðra fuglana.

Bætt hefur verið við einingakubbasafnið okkar, en einingakubbar eru náttúrulegir og umhverfisvænir. Annar leikfangakostur sem keyptur er inn í leikskólann er valinn með það að leiðarljósi að hann sé umhverfisvænn, endingagóður og opinn.

Lögð hefur verið áhersla á umhverfið í hópstarfi og þemavinnu og reynt að finna flöt á þeim verkefnum sem verið var að vinna sem tengdist umhverfinu / umhverfisvernd. Þannig hefur verið unnið með orku, vatn og örnefni.

Farið er í nokkrar ferðir á skólaárinu út í náttúruna, t.d. fjöruferð og sveitaferð. Áhersla var einnig á gönguferðir um nánasta umhverfi leikskólans. Haustið 2013 fór eldri deild leikskólans og eyddi deginum úti í skógi í sveitarfélaginu þar sem unnin voru umhverfisverkefni og leikið í náttúrunni. Útskriftarferð elstu barnanna hefur farið fram með misjöfnum hætti, en síðasta ár var farið á Akranes, þar var kíkt í fjöruna eða baðströndina Langasand, farið á byggðarsafnið og notið Skógræktarinnar. Ferðin var svo vel heppnuð að hún verður með sama sniði í ár. Einnig hafa tveir elstu árgangar skólans farið í ferð í Fannahlíð, sem er fallegur skógur í nágrenni leikskólans á degi íslenskrar náttúru.



Í leikskólanum er veðurfræðingur dagsins, eitt barn úr hópnum er veðurfræðingur og fer út og athugar veðrið, hann setur á þar til gert spjald hvernig veðrið er og hvernig er best að klæða sig. Þetta hefur reynst vel og komið hafa góðar umræður um mismunandi veðrfar Íslands.



Einu sinni í viku hjálpum við börnunum að flokka ruslið í rétta poka, pappír, plast og ál. Matráður safnar öllu flokkanlegu í kassa í eldhúsi og setur inn á deild. Börnin velta fyrir sér efninu og hvort möguleiki sé á að nota efniviðinn aftur, t.d. í föndur eða könnunarleik. Börnin hafa mjög sterkar skoðanir á því og margt sem er endurnýtt eða endurunnið úr flokkunarkössunum.

Enginn auglýsingapóstur berst í leikskólann.

Vorið 2013 var gerð tilraun til moltugerðar og gekk það mjög vel. Við notuðum fötur sem við fengum úr eldhúsinu undir moltuna. Við komumst að því að það þarf að hræra í blöndunni til að ekki komi vond lykt og mygla. Í moltuna settum við spítu, kóktappa og pappír og fylgdumst með því hvað varð um þessa aðskotahluti. Við komumst að þeirri niðurstöðu að kóktappinn er eina ólífræna efnið af þessum þremur. Þannig er vakin athygli barnanna á ólífrænum efnum. Einnig nýtum við tækifærið í gönguferðum og ræðum um hvað verðum um ruslið sem verður á vegi okkar. Að ef við tökum það ekki, þá hverfur það ekki og getur jafnvel valdið umhverfi og dýrum skaða. Okkur langar til að vinna meira með moltugerðina og höfum sett okkur markmið fyrir næsta grænánaverkefni tengt því.



Á degi umhverfisins í apríl fara allir út að fegra umhverfi sitt. Við tínum rusl á skólalóðinni og í nágrenninu. Við vekjum athygli á því á heimasíðu okkar og sveitarfélagsins hversu mikið rusl finnst í nágrenninu og hvetjum alla til að passa upp á að rusl fjúki ekki frá þeim. Á degi umhverfisins árið 2014 breyttum við til og gerðum glæsilegt ruslaskrímsli úr hluta af ruslinu sem við tíndum, og fannst öllum þetta skemmtilegt viðbót til að vekja athygli á öllu ruslinu. Börnin útbjuggu einnig leiðbeiningar til íbúa í sveitarfélagsins um hvernig við getum gengið vel um umhverfi okkar og haldið því snyrtilegu:

Ekki brjóta greinar af trjámum.

Flokkum ruslið.

Ekki henda rusl á jörðina.

Ekki spýta tyggjói í moldina.

Slökkva á bílnum áður en maður fer inn í hús.

Reyna að leyfa ekki of miklum mat.

Taka allt drasl sem maður sér á jörðinni og henda í ruslatunnuna.

Þetta var síðan sent til allra íbúa sveitafélagsins og með því startað umhverfisátaki í Melahverfinu sem allir íbúar hverfisins tóku þátt í.

Í apríl 2013 fóru starfsmenn leikskólans í náms- og kynnisferð til Danmerkur til að kynna sér leikskólastarf. Einn leikskólinn sem valið var að heimsækja var útinámsskóli þar sem börnin fóru reglulega í ferðalög út fyrir leikskólalóðina og dvöldu mestan hluta dagsins við leik og störf þar. Mikið var sótt í að fara í skóg sem var við leikskólann og dvelja þar við á eða fara með strætó í bæinn. Einnig var heimsótt mjög skemmtilegt vísindasafn þar sem áherslan var á vísindi og börn, að gera vísindi aðgengileg í gegnum leik. Ferðin var mjög áhugaverð og hafa margar góðar hugmyndir komist í framkvæmd eftir hana.

Haustið 2013 tók eldri deild leikskólans tré í fóstur, við höfum fylgst með trénu okkar breytast eftir árstíðum. Krökkunum þykir mjög spennandi að fylgjast með trénu og finnst þau eiga það. Þetta hefur verið skemmtilegt verkefni og mjög góð og áhugaverð viðbót við grænfána verkefnið okkar.



Unnið var með vatnið í vetur og unnu börn á eldri deildinni könnunarverkefni um vatnið. Meðal annars voru gerðar ýmsar tilraunir með vatn, við lásum bækur sem tengdust vatni, við föndruðum svakalega flotta fossa og ræddum mikið um eiginleika vatns og hvar það er að finna. Við settum síðan upp sýningu í stjórnsýsluhúsinu með vatnspemanu.

Veturinn 2013 höfðum við sápuátak ini á eldri deild leikskólans. Börnin áttu það til að gleyma sér og pumpuðu margoft sápuboxið. Fyrst var tekin umræða um sápunotkun og hversu mikið við þyrftum. Þegar allir voru með á hreinu að við þyrftum aðeins að pumpa einu sinni var sett upp skilti til að minna alla á hversu oft er nóg að pumpa. Þetta svínvirkaði og krakkarnir eru töluvert meðvitaðri um það að það er sóun að nota mikla sápu.

Einnig unnum við grenndarverkefni, við byrjuðum á því að verða okkur út um stórt plakat af Hvalfjarðarsveit, síðan voru prentaðar út litlar myndir af börnum og starfsfólki leikskólans. Síðan fundum við í sameiningu hvar hver ætti heima og límdum myndirnar á þeirra staði. Plakatið hefur vakið mikla lukku og börnin eytt ófáum tímum að skoða hvar hver á heima. Einnig lásum við styttu útgáfu af þjóðsögunni *Rauðhöfði*. Sagan segir frá því hvernig nokkur örnefni urðu til í Hvalfjarðarsveit. Út frá því ræddum við saman um örnefni sveitarinnar, hvort við þekktum eitthver og í framhaldinu „gúgluðum“ við Hvalfjarðarsveit og bættum við núverandi þekkingu. Því næst fengum við foreldra í lið með okkur og fengum þau til að taka myndir af börnunum fyrir utan húsin sín. Einnig löbbuðum við til þeirra sem búa í Melahverfi og tókum myndir af þeim fyrir utan sín hús. Við viljum halda þessu verkefni áfram og útvíkka það t.d. með því að vinna með örnefni inn á landakortið.

Við notum tölvupóst, heimasíðu og skilaboðatöflu til að koma skilaboðum milli leikskólans og heimilis. Afar sjaldan eru sendir miðar heim með börnunum. Ef það er gert er passað upp á að aðeins fari einn miði á hvert heimili. Hver starfsmaður hefur til umráða ípad, þeir hafa minnkað töluvert útprentun gagna.

Fræðsla

Í Grænfánaverkefninu er lögð áhersla á að kynna verkefnið út á við og hefur leikskólinn lagt áherslu á að nýta hvert tækifæri sem við höfum fengið til að vekja athygli á verkefninu.



Umhverfisverkefni leikskólans hafa verið kynnt á heimasíðu leikskólans og birtast þá einnig á Skessuhornsvefnum sem er víðlesinn miðill á vesturlandi. Fréttir hafa einnig verið sendar nokkrum sinnum í landshlutablöð eða blöðunga. Árið 2013 var skrifuð grein í Skessuhornið um þátttöku umhverfisnefndarinnar í skipulagningu leikskólalóðar. Fór nefndin á fund með byggingafulltrúa Hvalfjarðarsveitar og kom á framfæri sínum hugmyndum um endurbætta lóð.

Sýning hefur verið haldin á vatnsverkefni sem börnin unnu í stjórnsýsluhúsinu. Sýningin var vel sótt og virkilega skemmtileg.

Á hverju ári kemur umhverfisblaðið Heiðarsóley út fyrir sameiginlegan leik- og grunnskóla og vekjum við athygli á því sem við erum að gera í því riti. Einnig hefur umhverfisnefnd leikskólans og umhverfisnefnd grunnskólans sameiginlegan umhverfisfund einu sinni á ári. Vorið 2013 voru gróðursett tré á svæði í grennd við Heiðarskóla. Vorið 2014 hittust nefndirnar og gróðursettu sólblóm og jurtir.

Umhverfis-, skipulags og náttúruverndarnefd veitti leikskólanum umhverfisviðurkenningu fyrir árið 2013 fyrir vel unnin störf í umhverfismálum. Börnin fóru á fund nefndarinnar og tóku á móti viðurkenningu og vasaljósum sem nefndin gaf leikskólanum.

Eftirlit og endurmat

Verkefnastjóri hefur haft eftirlitshlutverk með verkefninu og passað upp á að umhverfissjónarmið séu tekin til greina við ákvarðanatöku og í verkefnavinnu. Skólaárið 2012-2013 var Sara Margrét Ólafsdóttir verkefnastjóri, hún lauk störfum í Skýjaborg febrúar 2013 og þá tók Berglind Bergsdóttir við sem verkefnastjóri. Endurmat fór fram á starfsdegi í vor og var þá m.a. farið yfir gátlistann. Allir eru sammála um að okkur takist vel að vinna að markmiðum verkefnisins.

Reglulega er minnt á verkefnið á starfsmannafundum og nýjum starfsmönnum leiðbeint með verkefnið þegar þeir hefja störf við leikskólann.

Umhverfissáttmáli leikskólans hefur verið í endurskoðun með það að markmiði að rödd foreldra og barna fái að heyrast.

Markmið og áætlanir 2012-2014, endurmat.

Tveggja ára markmið leikskólans voru sett í mars 2012.

Markmiðin voru að:

- Fjölga plöntum og berjarunnum í garðinum. Dreifa þeim um garðinn. Skoða sérstaklega svæði að austanverðu. Fegra aðkomu að skólanum.
 - *Í júní 2012 var haldin sumarhátíð leikskólans og komu foreldrar og aðstoðuðu við að gróðursetja berjarunna. Sumarið 2013 var leikskólalóðin endurhönnuð með þátttöku barnanna. Hún var síðan endurgerð með glæsibrag og aðkoma að leikskólanum betrubætt svo um munar.*
- Grenndarkennsla. Að börnin þekki vel nánasta umhverfi sitt í leikskólanum, þekki örnefni og helstu náttúruperlur. Vinna sérstaklega verkefni tengd þessu markmiði.
 - *Börnin á eldri deild leikskólans eiga sér leynistað í nágrenni leikskólans sem þau heimsækja reglulega og fylgjast með árstíðabreytingum. Mikið er farið í gönguferðir í Melahverfinu og í móa fyrir utan hverfið. Unnið er með örnefni fjalla sem sjást frá leikskólanum. Í fataklefa hangir kort af sveitarfélaginu þar sem myndir af börnum og starfsfólki eru við heimili þeirra. Farið var heim til þeirra barna sem heimili eiga í göngufæri við leikskólann og teknar myndir af þeim við heimili sín. Aðrir foreldrar voru beðnir um að koma með myndir af börnunum við sín heimili. Verkefnið hefur vakið mikla athygli barna og fullorðinna og er mikið skoðað. Unnið var verkefni um örnefni í sveitarfélaginu í gegnum söguna um Rauðhöfða.*
- Útinámssvæði. Að byggja upp og þróa útinámssvæði og útinámshugmyndafræði leikskólans með lýðræðislegri þátttöku barnanna. Sótt hefur verið í sprotasjóð til að vinna að þessu verkefni næsta skólaár.
 - *Ekki fékkst styrkur til að vinna að þessu verkefni og hafa uppáhaldssvæði barnanna verið nýtt sem útinámssvæði. Áfram verður haldið að vinna að því að vinna að þessarri hugmynd í samráði við sveitarfélagið.*



Markmið næstu tveggja ára, 2014-2016

- Að minnka plastpöknotkun í leikskólanum. Stefna að því að sauma fjölnota poka úr ónýtum fötum til að nota undir blaut og skítug föt barnanna.
- Molta. Koma upp aðstöðu utanhúss til moltugerðar.
- Vinna að því að sækja um að verða Heilsuefandi leikskóli. Vinna með lýðheilsu með áherslu á hollan mat, hreyfingu og jóga.
- Vinna áfram að grenndarnámi með börnunum, þróa hugmyndina með landakortið áfram.



Skóli:

Leikskólinn Skýjaborg Hvalfjarðarsveit

.....

Skólaárið:

2012-2014

Febrúar 2014

Innkaup / nýtni - til að spara auðlindir og minnka rusl

	Já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Lögð er áhersla á að kaupa til skólans vandaða hluti sem endast vel.	X		
2. Pappír er sparaður;			
* skjöl sem eru meira en ein síða eru prentuð á báðar hliðar blaðs,	X		Athuga þarf stillingar á prenturum - setja minnismiða við prentarana til að minna fólk á að spara pappír
* ljósritað er báðum megin á blöð,	X		
* afgangspappír er aðgengilegur þar sem verið er við vinnu,	X		
* afgangspappír er notaður sem risspappír eða í föndur,	X		
* umslög eru opnuð varlega, oft má nota þau aftur,		X	Mjög lítill póstur. Sendum ekki mikið frá okkur.
* tölvupóstur er notaður til samskipta eins mikið og mögulegt er,	X		
- innan skólans,	X		Allir starfsmenn hafa fengið netfang hjá skólanum
- á milli heimila og skóla,	X		Nær öll skilaboð fara í gegnum tölvu, samskipti eða á skilaboðatöflu

* tauhandklæði eru notuð í stað pappírs þar sem mögulegt er,	X		
* tuskur eru notaðar í stað pappírs, svo sem eldhúspappírs, til að þurrka upp eða þrifa,	X		
* Systkinalisti yfir nemendur kemur í veg fyrir að bréf frá skólanum fari í mörgum eintökum inn á sama heimili.	X		
3. Rafhlöður eru sparaðar;		X	
* vasareiknar eru með sólarrafhlöðum,			
* hlaðanlegar rafhlöður eru notaðar í stað einnota.	X		Má fjölga og bæta
4. Mjólk og safi er keypt í stórum umbúðum;	X		
* fyrir starfsfólk,	X		
* fyrir nemendur.	X		
5. Þeir sem koma með nesti eru með það í boxum en ekki einnota pokum eða pappír.		X	Á ekki við - þegar farnar eru ferðir frá leikskólanum eru notuð box og stórir brúsar
6. Aðeins eru notaðir fjölnota borðbúnaður og leirtau í skólanum.	X		
7. Allir eru með sína merktu bolla til að draga úr uppvotti.	X		Komum með jólabolla um jólin og hafa þeir verið notaðir síðan
8. Fyllt er á tónerhylki í prenturum í stað þess að kaupa ný.		X	

9. Gert er við það sem bilar eða skemmist frekar en að kaupa nýtt.	X		Eins og hægt er - ef svarar kostnaði
10. Einnota hlutir, s.s. plastpokar í ruslafötur, eru ekki notaðir eða af ýtrustu sparsemi.	X		

Meðhöndlun á rusli

	Já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Flokkunarstöð er í skólanum aðgengileg öllum.	X		
2. Allir sem að skólanum standa þekkja reglur skólans um flokkun á rusli;			
* nemendur,	X		Eftir aldri og þroska
* kennarar,	X		
* skólastjórnendur,	X		
* húsvörður,	X		
* allt annað starfsfólk skólans,	X		
* ræstingafólk,	X		
* foreldrar.	X		Foreldrafélag er virkt í að taka þátt í verkefninu
3. Flokkað og sent til endurvinnslu er;			
* gæðapappír,	X		
* blandaður pappír,	X		

* fernur,	X		
* bylgjupappi,	X		
* gosílát (<i>dósir og flöskur</i>),	X		
* gler (<i>krukkur o.fl.</i>),		X	Er endurnýtt það sem hægt er í leikskólanum / eldhúsi
* málmar (<i>niðursuðudósir, sprittkertabotnar, málmafgangar</i>),	X		
* rafmagnsvörur og tæki,		x	Endurnýtt á öðrum stað/ grunnskólanum. Einnig notað í leik.
* rafhlöður,	X		
* spilliefni (<i>t.d. málningarafgangar</i>),		x	Á ekki við
* flúrperur og sparperur (<i>spilliefni</i>),	X		Á þessu ári voru settar flúrperur og sparperur í næstum allan leikskólann.
* föt og klæði,		x	Endurnýtt í leik eða rauðakross
* kertaafgangar.		X	
4. Lífrænir afgangar eru jarðgerðir, af nesti, úr eldhúsum og sag frá smíðastofu.	X		Endurnýttir í dýrafóður

Innkaup / rekstur - til að minnka mengun

	Já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Keyptar eru vörur og efni með viðurkenndum umhverfismerkjum;	X		Þar sem það er til
* gólfhreinsiefni,	X		
* uppþvottalögur,	X		
* handsápa,	X		
* gólfbón,		X	Lítið sem ekkert notað
* pappír,		X	Hefur ekki verið keyptur síðasta ár
* umslög,		X	Lítið sem ekkert notað
* tölvur og skrifstofutæki,		X	
* ísskápar (án KFK-efna, framleiddir eftir 1994) ¹ ,			
* rafhlöður,	X		

¹

KFK eru klór-flúor-kolefni. Slík efni leita hátt upp í andrúmsloftið og skemma ósonlag Jarðar en ósonlagið verndar Jörðina fyrir hættulegum útfjólubláum geilsum sólar.

* salernispappír,	X		
* eldhúspappír,		X	Ekki notaður
* kaffisíur,	X		
2. Aðeins eru notaðar rafhlöður án kadmíum og kvikasilfurs t.d. alkaline eða NiMH rafhlöður.	X		
3. Gluggatjöld, og aðrir hlutir úr taui, eru úr efni sem má þvo.	X		
4. Skriffæri og skrifstofuáhöld eru keypt af yfirvegum, helst;	X		
* ólakkaðir tréblýantar eða skrúfblýantar,		X	
* vatnsleysanlegt túss á pappír og töflur,	X		
* vatnsleysanlegt lím,	X		
5. Forðast er að kaupa plasthluti sem innihalda PVC. Lögð er áhersla á að plastvörur séu úr plasti sem hægt er að endurvinnna (pólýester) eða brotnar niður í birtu (PP-plast) ² ;	X		Allar vörur sem keyptar eru eru ce merktar og forðast að kaupa hluti með sterkri lykt
* plastpokar,	X		Allir pokar endurnýttir t.d. undir blaut föt og bleyjur
* límband, bókaplast,	X		

² Plastefni eru mjög fjölbreytt. PVC myndar díoxín þegar það brotnar niður en díoxín er eitrað. Sumt plastefni er hægt að endurvinnna eins og það í gosflöskunum og annað efni er viðkvæmt fyrir höggum og brotnar niður í sólarljósi. Mjög oft vantar hráefnisheiti á umbúðir sem gerir umhverfishæf innkaup erfið.

* plasthulstur, möppur,	X		
* glærur,			Á ekki við.
* leir, kennaratyggjó.			Búum til okkar eigin leir
6. Öll sápa er notuð í hófi, á Íslandi er auðvelt að þvo úr heitu vatni.	X		
7. Notaðir eru örtrefjaklútar við hreingerningu.	X		
8. Forðast er að kaupa miklar umbúðir t.d. með því að kaupa inn í stórum einingum.	X		

Umgengni og nánasta umhverfi

	Já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Enginn er á útiskóm inni.	X		Má kynna betur fyrir foreldrum - bæta aðgengi að skóhlífum
2. Áhersla er lögð á að hafa heilsusamlegt umhverfi innan húss t.d. góða loftræstingu.	X		
3. Öll hættuleg efni eru merkt á réttan hátt og geymd á öruggum stað (í ræstikompum, í náttúrustofu).	X		
4. Við bílastæðin eru skilti þar sem bílstjórar eru beðnir um að drepa á bílvél á meðan að beðið er (foreldrar, rútubílstjórar og flutningabílstjórar).	X		
5. Reglulega er farið um skólalóðina;			
* rusl tínt af lóðinni og því komið í viðeigandi förgun,	X		
* kannað hvort eitthvað er skemmt eða bilað og þá lagfært.	X		
6. Á skólalóð er ekki notað skordýra- eða plöntueitur.	X		Var ekki notað síðasta ár og verður ekki í ár.
7. Leitast er við að hafa fjölbreytt umhverfi á skólalóð;	X		

* svæði með "landslagi" ekki síður en slétta velli,	X		
* haldið er í náttúrulegt umhverfi, grjót, gróður, vatn,	X		
* lögð er áhersla á að hafa sem fjölbreytilegastan gróður bæði tré og plöntur,	X		
* náttúrulegum plöntum úr nágrenninu er komið fyrir í viðeigandi umhverfi, þurrlendi, deiglendi, tjörn,		X	
* grasflötum er haldið óslegnum, a.m.k. að hluta svo að plöntur fái dreift fræjum,	X		Þarf lítið sem ekkert að slá vegna ágangs á gras
* nemendur taka þátt í að rækta matjurtir í skólagarði,	X		
* fuglar eru laðaðir að skólalóðinni t.d. með því að;			
* gefa þeim í vetrarhörkum,	X		
* útbúa fyrir þá fuglahús,		X	
* rækta á lóðinni tré og runna ríkuleg af berjum.	X		Voru gróðursettir margir runner síðasta sumar
8. Nemendur eigna sér uppáhaldsstað.	X		
9. Nemendur "taka flag í fóstur".	X		Tókum tré í fóstur
10. Skólinn tekur þátt í eða skipuleggur hreinsunardag hverfisins.	X		

11. Nemendur þekkja vernduð eða friðlýst svæði í nágrenninu og taka þátt í verkefnum þar.	X		
---	---	--	--

Flutningar og ferðir

	Já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Fólk er hvatt til að ganga/hjóla/koma í strætó í skólann;	X		Eftir því sem hægt er
* nemendur,			
* kennarar og annað starfsfólk,			
* foreldrar.			
2. Þeir sem koma á bílum leitast við að samnýta bíla.	X		Foreldrar í samkeyrslu með börnin
3. Á skólalóðinni er aðstaða til að geyma hjól undir skyggni.		X	
4. Innkaup og vöruflutningar til skólans eru vel skipulagðir til að halda flutningum í lágmarki.	X		
5. Keyptar eru íslenskar vörur eins og mögulegt er.	X		
6. Forðast er að kaupa vörur/matvæli sem hafa verið fluttar inn frá fjarlægum löndum.	X		

Orka og vatn

	Já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Gluggatjöld eru;			
* dregin frá þegar bjart er til að nýta dagsbirtuna,	X		
* en dregin fyrir þegar dimmt er og um nætur til einangrunar.	X		
2. Notaðar eru sparperur í stað glópera.	X		
3. Dregið er úr lýsingu þar sem hægt er t.d. með að fækka perum í ljósastæðum í lofti.	X		
4. Ljós eru slökkt þar sem enginn er.	X		
5. Ljós eru slökkt þar sem dagsbirtan nægir.	X		
6. Skrifstofutæki skólans (t.d. tölvur og ljósritunarvélar) fara sjálfkrafa í orkusparandi stillingu þegar þau eru ekki í notkun.	X		
7. Slökkt er á tölvum og tækjum yfir nótt og í fríum.	X		

8. Lækkað er á ofnum og slökkt á loftræstingu í öllum fríum.	X		
9. Fylgst er reglulega með rafmagnsnotkun í skólanum.		X	
10. Fylgst er reglulega með notkun á heitu vatni.		X	
11. Fylgst er reglulega með notkun á köldu vatni.		X	
12. Þvotta- og uppþvottavélar eru fylltar áður en þær þvo.	X		
13. Vatn er ekki látið renna að óþörfu og strax gert við leka krana.	X		
14. Ef endurnýja þarf klósett er keypt vatnssparandi klósett.	X		
15. Leitast er við að nýta vatn af þökum t.d. til að viðhalda tjörnum og votlendi á skólalóð.	X		Í leik

Kynning og menntun

	Já	Nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Umhverfisstefna skólans er skýr og öllum aðgengileg.	X		
2. Nýir nemendur í skólanum eru strax fræddir um umhverfisstefnu skólans.	X		Á ekki við nema um eldri nemendur sé að ræða
3. Foreldrar eru vel upplýstir um umhverfisstefnu skólans og minntir á hana við og við.	X		Foreldraráð upplýst og virkt í þátttöku
4. Nýtt starfsfólk skólans fær strax kynningu á umhverfisstefnu skólans.	X		Purfum aðeins að bæta og minna nýtt starfsfólk á vinnureglur varðandi grænfána
5. Umhverfismennt er samþætt skólanámskrá skólans í;	X		
* 1. bekk,			
* 2. bekk,			
* 3. bekk,			
* 4. bekk,			
* 5. bekk,			

* 6. bekk,			
* 7. bekk,			
* 8. bekk,			
* 9. bekk,			
* 10. bekk.			
6. Nemendur fá markvissa útikennslu til að læra að þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi skólans og hverfisins.	X		
7. Við slökkvara og rafmangstæki er fólk minnt á að slökkva.	X		
8. Í anddyri skólans er tafla þar sem hengdar eru upplýsingar og auglýsingar um umhverfismál.	X		
9. Nemendur læra um pappír (og önnur efni).			
* hvernig pappír er framleiddur	X		
* hvernig sé hægt að spara pappír	X		
* hvernig pappír er enduruninn	X		
10. Nemendur fá þjálfun og leiðsögn í almenningaíþróttum og útivist;			
* gönguferðum,	X		

* hjólreiðum,	X		
* ganga á skíðum		X	
* skauta (úti).	X		Í stígvélum
11. Skólinn hvetur til sérstakra þemadaga í hverfinu, göngu-, hjólreiða-, útivistar- eða hreinsunardaga.	X		

Skrefin sjö að Grænfánanum

	Já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Í skólanum starfar umhverfisnefnd.	X		
2. Í skólanum hefur staða umhverfismála verið metin.	X		
3. Gerð hefur verið áætlun aðgerðir og markmið.	X		
4. Stöðugt eftirlit og endurmat er í gangi.	X		
5. Nemendur fá fræðslu um umhverfismál.	X		
6. Skólinn kynnir stefnu sína út á við og fær aðra með.	X		
7. Skólinn hefur sett sér umhverfissáttmála.	X		

Fundargerðir umhverfisnefndar

Hér eru fundargerðir umhverfisnefndar leikskólans. Þær eru númeraðar eftir að ný umhverfisnefnd tók til starfa haustið 2012.

Fundur umhverfisnefndar 1. október 2012

Mætt eru: Hrefna Rún, Viktor Orri, Stefanía, Arnþór Máni og Sara.

Í dag fór í gang könnunarverkefni þar sem börnin völdu að gera búðarleik. Sá efniviður sem notaður verður í leikinn er verðlaus efniviður. Börnin byrjuðu að safna efni í leikinn í eldhúsinu hjá Guggu. Þar fengu þau notaðar umbúðir sem búið var að setja í endurvinnslukassann t.d. kexpakka, skyrdósir, majónesdósir og fleira. Einnig fengu börnin marga mjólkurkassa úr mjólkurbeljunum í eldhúsinu. Það á að búa til búðarborð úr mjólkurkössunum.

Börnin ætla að koma með verðlausan efnivið að heiman í leikinn.

Fundi slitið.

Fundur umhverfisnefndar 6. nóvember 2012

Mætt eru: Arnþór Máni, Hrefna Rún, Stefanía, Viktor Orri og Sara.

Umhverfisnefndin er að taka þátt í nýsköpunarverkefni með Söru sem er verkefnisstjóri í Grænfánaverkefninu. Í dag ræddum við um þarfagreiningu hvernig við finnum út úr því hvað er mikilvægt að hafa í umhverfinu okkar og hvað ekki. Næsta sumar á að laga leikskólalóðina og umhverfisnefndin ætlar að aðstoða við að koma með hugmyndir að því hvernig hún á að vera. Börnin fóru með Söru út á skólalóð með myndavél til þess að þarfagreina leikskóla lóðina. Þau fundu það sem er á lóðinni og á að vera áfram einnig fundu þau nokkra hluti á lóðinni sem þeim finnst óþarfi að hafa þar. Svo komu þau með hugmyndir að hvernig þau myndu vilja sjá lóðina sína í framtíðinni.

Fundi slitið.

Fundur umhverfisnefndar 21. nóvember 2012

Mætt eru: Stefanía, Hrefna Rún, Arnþór Máni, Viktor Orri, Sara og Hjörtur skipulags- og byggingafulltrúi Hvalfjarðarsveitar.

Í dag mætti umhverfisnefndin á fund í stjórnsýsluhúsið ásamt Hirti skipulags- og byggingafulltrúa Hvalfjarðarsveitar. Þar kynntu þau þarfagreininguna sína á leikskólalóðinni. Stefanía sagði frá hvað er á lóðinni og á að vera áfram. Hrefna Rún greindi frá því hvað er á lóðinni en þyrfti ekki að vera þar. Arnþór Máni og Viktor Orri sýndu Hirti teikningar sínar með hugmyndum þeirra á því hvað væri áhugavert að hafa á lóðinni í framtíðinni.

Hjörtur tók vel í hugmyndir barnanna og ætlaði að nota þær þegar farið yrði að endurskipuleggja leikskólalóðina. Hann sagði meðal annars:

„Sko krakkar, mér líst mjög vel á þessar hugmyndir ykkar og það er hugmynd okkar hér á skrifstofunni að láta teikna upp og jafnvel stækka lóðina þannig að það sé hægt að koma fyrir fleiri tækjum. Það er það sem við ætlum að fara að huga að hérna, út frá, ég tala nú ekki um þessar hugmyndir ykkar, þær eru bara mjög góðar og þá vinnum við eftir þessum hugmyndum sem þið komið með og sjáum hvernig við getum komið þessu fyrir. Eruð þið sátt við það?“ (Allir kinka kolli)
Ég þakka ykkur kærlega fyrir að koma og sýna mér hvað þið viljið gera á skólalóðinni ykkar.

Fundi slitið.

Fundur umhverfisnefndar 8. mars 2013

Mætt eru: Hrefna, Viktor Orri, Stefanía, Arnþór Máni og Berglind

Nú er farið að vora í lofti og því kjörið tækifæri að byrja að rækta bæði úti og inni. Á næstu dögum verða gróðursett fræ inni og var það umræðuefni fundarins.

Við ræddum afhverju það væri gott að gróðursetja, þau komu með tillögu að það væri hægt að borða það sem við gróðursetjum, þá spurði Berglind kennari hvort það væri ekki sparnaður og þau samsinntu því. Síðan ræddum við hvort það væri ekki gott fyrir okkur að borða það sem við gróðursetjum sjálf og því voru þau alveg sammála. Berglind útskýrði fyrir nefndinni að það sem við gróðursetjum sjálf væri lífræn ræktun.

Þá var komið að því að huga að í hverju við ætlum að gróðursetja, hvort við gætum ekki nýtt verðlausan efnivið, þau komu með hugmynd að nota skyrdósir og vorum við öll sammála um að það væri frábær hugmynd. Í lokin vorum við komin á að best væri að nota skyrdollur og eggjabakka.

Fundi slitið.

Fundur umhverfisnefndar 22. Mars 2013

Mætt eru: Viktor Orri, Arnþór Máni, Stefanía, Hrefna Rún , Arna Rún og Berglind.

Í dag var byrjað á moltugerð. Við ræddum ástæðu moltugerðar og hvaða áhrif þetta hefði á umhverfið. Krakkarnir voru mjög óviss afhverju við værum að gera moltu og til hvers hún yrði notuð. Arna Rún vissi að með því að gera moltu værum við að hugsa vel um nátturuna. Eftir smá vangaveltur voru börnin með það á hreinu að úr yrði mold sem hægt væri að nota til að gróðursetja blóm og tré.

Í moltuna settum við tappa, spítu og pappír. Þau eru viss um að allt þetta verði að mold. Einnig kom Arnþór með þá tilgátu að úr tappanum og spítunni myndu vaxa blóm. Berglind kennari lét ekkert uppi, hún vill að þau sjái sjálf hvað gerist fyrir tappann, spítuna og pappírinn þegar líður á moltugerðina.

Þeim finnst þetta mjög spennandi verkefni og ætlum við að fylgjast með moltunni á hverjum degi, við fundum úti í nátturunni greinar sem við ætlum að nota til að hræra í moltunni.

Fundi slitið.

Fundur umhverfisnefndar 22. Mars 2013

Mætt eru: Viktor Orri, Arnþór Máni, Stefanía, Hrefna Rún , Arna Rún og Berglind.

Í dag var byrjað á moltugerð. Við ræddum ástæðu moltugerðar og hvaða áhrif þetta hefði á umhverfið. Krakkarnir voru mjög óviss afhverju við værum að gera moltu og til hvers hún yrði notuð. Arna Rún vissi að með því að gera moltu værum við að hugsa vel um nátturuna.

Eftir smá vangaveltur voru börnin með það á hreinu að úr yrði mold sem hægt væri að nota til að gróðursetja blóm og tré.

Í moltuna settum við tappa, spítu og pappír. Þau eru viss um að allt þetta verði að mold. Einnig kom Arnpór með þá tilgátu að úr tappanum og spítunni myndu vaxa blóm. Berglind kennari lét ekkert uppi, hún vill að þau sjái sjálf hvað gerist fyrir tappann, spítuna og pappírinn þegar líður á moltugerðina.

Þeim finnst þetta mjög spennandi verkefni og ætlum við að fylgjast með moltunni á hverjum degi, við fundum úti í nátturunni greinar sem við ætlum að nota til að hræra í moltunni.

Fundi slitið.

Fundur umhverfisnefndar, þriðjudaginn 17. september 2013

Mætt eru: Heimir, Mattías, Beníta, Linda, Arna, Árni, Nikolai, Björgvin, Aldís, Tómas, Natalía og Berglind.

Í dag var rætt um umhverfið og spurt hvað er umhverfi? Arna sagði að umhverfið væri allt í kringum okkur. Heimir sagði að umhverfið væri mótörhjólið hans pabba. Nikolai sagði að það væri köttur og Tómas sagði að það væri snjósleði. Eftir þessa vangaveltur sagði Berglind kennari þeim að það væri rétt hjá Örnunni, umhverfið er allt í kringum okkur, en þó ekki kettir, menn og hlutir. Síðan ræddum við hvernig við hugsum vel um umhverfið okkar. Hendum ekki rusli og týnum rusl sem við sjáum úti.

Einnig ræddum við hvað umhverfisnefnd er og hvað það er að vera í umhverfisnefnd. Hvað þýðir það? Kennarinn sagði þeim að það væri regla í Skýjaborg að elstu börn leikskólans væru í nefndinni og þá væri röðin komin að þeim. Þau ætla að vera dugleg að hjálpa öllum í leikskólanum að ganga vel um umhverfið og nátturuna. Öllum hlakkar mikið til.

Seinna sama dag fór öll deildin saman og ættleiddi tré. Sem þýðir að við ætlum að fylgjast með þessu tréi í allan vetur, sjá hvernig það breytist frá hausti til sumars. Við merktum tréið og tókum mynd af krökkunum hjá tréinu.

Fundi slitið.

Fundur umhverfisnefndar, fimmtudaginn 31. október 2013

Mætt eru: Sveinn Óskar, Linda, Beníta, Aldís, Natalia, Tómas, Aþena, Heimir, Árni Kristján, Guðbjörg og Berglind

Í dag var komið að því að setja upp nýjan grænfána því hinn var orðin ansi lúinn. Áður en við settum hann upp ákváðum við að það þyrfti að taka til í framanverðum garðinum okkar. Þar var bæði rusl og svo voru trjádrumbarnir okkar um víð og dreif um garðinn. Við fundum trjádrumbunum okkar góðan stað og settum þá alla þar. Síðan tíndum við allt ruslið í garðinum og settum í viðeigandi tunnur.

Áður en nýi grænfáninn var settur upp ræddum við af hverju við erum með grænfána. Hvað er það sem gerir okkur að grænfána leikskóla? Arna sagði af því við hugsum um umhverfið. Tómas sagði að það væri af því við hendum ekki rusli á götuna og Aldís sagði af því við flokkum ruslið.

Síðan var komið að því að setja upp fánann, hann var settur upp stórglæsilegur ☺

Fundur umhverfisnefndar, 15. Nóvember 2013

Mætt eru: Linda, Sveinn Óskar, Aldís, Arna Rún, Heimir, Árni Kristján, Guðbjörg, Tómas, Nikolai Leo og Berglind

Framundan ætlum við að hafa rafmagnslausan dag, og fanst okkur rétt að hittast og ræða hvernig hann ætti að fara fram.

Við byrjuðum á að ræða hvað fælist í rafmagnsleysi. Nikolai sagði að þá væru engin ljós. Arna Rún sagði að þá væri ekki hægt að nota símann. Aldís Tara sagði að það væri ekki hægt að elda ef það væri ekki rafmagn. Heimir Þór sagði að þá yrði að vera kveikt á kertum og Guðbjörg sagði að þá væri ekki hægt að horfa á sjónvarpið. Eins og sést kom í ljós að börnin vissu mikið um rafmagnsleysi. Næst á dagskrá var að ákveða hvernig rafmagnslausidagurinn okkar ætti að fara fram. Þau ákváðu að best væri að allir kæmu með vasaljós að heiman. Einnig var ákveðið að það yrði að nota kertaljós. Við ræddum hvað hægt væri að gera ef það væri ekki hægt að elda heitan mat, það komu ýmsar vangaveltur þarna og áttu þau erfitt með að komast að niðurstöðu hvað væri best að hafa í matinn. Berglind kennari sagði að það væri kannski bara best að leyfa Hjöltu í eldhúsinu að ákveða matinn. Hún kom með þá góðu hugmynd að hafa skyr.

Ekki var meira rætt í þennan daginn.

Fundi slitið.

Fundur umhverfisnefndar, fimmtudaginn 16. janúar 2014

Mætt eru: Beníta Líf, Árni Kristján, Tóma Ingi, Guðbjörg, Heimir Þór, Natalía, Arna Rún, Björgvin, Aldís Tara, Sveinn Óskar, Mattías Bjarmi, Aþena og Berglind

Nú er kalt í veðri og fannst okkur tilvalið að ræða aðeins um fuglana sem eru í grennd við leiksólann. Við spjölluðum saman hvað væri best að gefa þeim að borða og hvort við gætum ekki búið til fuglafóður fyrir þá.

Allir voru sammála um að við ættum að hjálpa þeim að fá að borða. Krakkarnir voru líka hrædd um að þeim væri kalt, en við komust að þeirri niðurstöðu að þeim myndi líða vel ef við gæfum þeim að borða, bæði brauð og heiamgert fuglafóður.

Þetta var stutt en gott spjall í dag.

Fundi slitið.

Fundur umhverfisnefndar, miðvikudaginn 12. mars 2014

Mætt eru Nikolai, Beníta, Linda, Árni Kristján, Tómas, Guðbjörg, Natalía, Arna Rún, Björgvin, Heimir Þór, Aldís Tara, Sveinn Óskar, Aþena, Mattías, Berglind, Helena, Árdís, Sigga Lára og umhverfisnefnd Heiðarskóla.

Við byrjuðum á því að setjast niður og fá okkur djús og kex. Mjög notalegt, þar á eftir spurðu eldri nemendur leikskólabörninn nokkra spurninga um umhverfismennt. Þau svöruðu eftir bestu getu.

Umræðan var hvað við gerum við ruslið okkar, hvort við flokkum, hvernig hugsum við vel um umhverfið okkar. Við sögðum umhverfisnefnd Heiðarskóla frá því að við flokkum allt ruslið okkar, við förum út og týnum rusl, einnig gróðursetjum við fræ og kartöflur. Við ættleiddum tré í haust, sem við fylgjumst vel með allt skólaárið.

Þar á eftir fóru allir út og tekin var mynd af öllum sem eru í umhverfisnefnd, bæði fyrir Skýjaborg og Heiðarskóla.

Fundi slitið.

Fundur umhverfisnefndar, 24. mars 2014

Mættir eru: Nikolai Leo, Linda, Sveinn Óskar, Aþena Ýr, Aldís Tara, Árni Kristján, Björgvin Svan, Guðbjörg, Tómas Ingi, Arna Rún og Berglind kennari.

Þessa dagana erum við með vinaviku og fannst okkur tilvalið að ræða hvernig við getum verið vinir náttúrunnar.

- ekki taka laufblöðin af trjámum
- ekki henda rusli
- tína rusl
- ekki henda tyggjói í moldina
- ekki skilja bílinn eftir kveiktann
- gróðursetja

Við ræddum allar hugmyndirnar og komust að þeirri niðurstöðu að við ætlum að vera dugleg að muna eftir að hugsa vel um náttúrunna, alveg eins og við ætlum að vera góð hvert við annað.

Ekki var meira rætt á þessum fundi.

Fundi slitið.

Fundur umhverfisnefndar, 21. apríl 2014

Mætt eru Nikolai, Beníta Árni Kristján, Linda, Tómas, Guðbjörg, Arna Rún, Björgvin, Heimir Þór Natalía, Aldís Tara, Sveinn Óskar, Aþena, Mattías og Berglind kennari.

Málefni dagsins var dagur umhverfisins, við ræddum hvað við gætum gert til að hugsa vel um jörðina okkar og hvað við gætum gert í tilefni dags umhverfisins. Komu þær umræður að fólk ætti ekki að henda rusli, það væru tunnur fyrir ruslið. Við spjölluðum hvað við gætum gert við ruslið ef við værum ekki með neitt rusl í bílnum, þeim fannst afleitt að henda því út um gluggann og sögðu að best væri að geyma ruslið í bílnum þangað til komið væri að ruslafötu.

Tekin var ákvörðun um að tína rusl á degi umhverfisins og búa til ruslaskrímsli. Öllum fannst þetta frábærar hugmyndir.

Einnig fengum við það skemmtilega og stóra verkefni að búa til umhverfis leiðbeiningar fyrir fólkið í sveitinni. Gekk það mjög vel og börnin bjuggu til frábærar leiðbeiningar. Þær komu svo á bréfi sem sent var í öll hús sveitarinnar.

Ekki var fleira rætt á þessum fundi.

Fundi slitið.

Umhverfissáttmáli Skýjaborgar

Í leikskólanum er unnið markvisst að því að minnka það umhverfisálag sem leikskólinn veldur. Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar, náttúru, dýra- og mannlífi. Okkar umgengni er öðrum til fyrirmyndar.

Þetta gerir starfsfólk með því að:

- ❖ Hugsa áður en við kaupum.
- ❖ Hugsa áður en við hendum.
- ❖ Fara sparlega með orku inni í leikskólanum.
- ❖ Nýta náttúruna til leikja og náms.
- ❖

Þetta gera foreldrar með því að:

- ❖ Hafa bílinn ekki í gangi fyrir utan leikskólann
- ❖ Flokka sorp heima fyrir
- ❖ Fara sparlega með hreinlætisvörur og mælast til að nota ekki efni sem hafa skaðleg áhrif á umhverfið.
- ❖ Stuðla að því að fara sparlega með raforku, vatn og eldsneyti.

Þetta gera börnin með því að:

- ❖ Passa upp á að ljós séu ekki kveikt þar sem dagsbirta dugir.
- ❖ Nýta náttúrulega hluti sem leikefni.
- ❖ Endurnýta verðlaust efni til að leika með.

Unnin hefur verið áætlun um framkvæmd þessa sáttmála. Áætlunin er endurskoðuð fyrir hvert starfsár og markmið metin.